

REGLUGERÐ**um bann við veiðum smábáta í október 1986.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. október til og með 31. október 1986, er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. september 1986.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 97 20. desember 1985.**

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum veiðisvæðum og tímum.

- A. Utan Breiðafjarðar, frá 1. október 1986 til 31. desember 1986 norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- B. Fyrir Vestfjörðum, frá 1. október 1986 til 31. desember 1986, utan línu sem dregin er 8 sjómílnur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985 um stjórn fiskveiða 1986—1987 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. september 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.